

Góðan dag

Eftirfarandi er umsögn sveitarstjórnar Bláskógabyggðar vegna frumvarps til laga um breytingar á lögum um kosningar til sveitarstjórna (kosningaaldur):

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna (kosningaaldur) - 1902006

Lögð var fram beiðni stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar, dags. 31. janúar 2019 um umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum um kosningar til sveitarstjórna, áður á dagskrá á 225. fundi. Frestur til að veita umsögn er til 21. febrúar. Einnig lögð fram umsögn ungmennaráðs Bláskógabyggðar vegna málsins.

Sveitarstjórn er fylgjandi því að ungt fólk fái aukið hlutverk varðandi málefni sem varða íbúa og samfélagið. Sveitarstjórn telur rétt að fyrstu skref á slíkri vegferð séu stofnun ungmennaráða, sem starfa nú í mörgum sveitarfélögum, hvatning til vals á ungu fólki í nefndir sveitarfélaga og sérstök fræðsla um lýðræðis- og stjórnmál og stjórnsýslu almennt. Ungmennaráð Bláskógabyggðar leggur áherslu á að fræðsla um stjórnmál verði gerð að skyldu í 8. til 10. bekk og tekur sveitarstjórn undir það sjónarmið. Gera má ungmennaráð virkari í stjórnsýslu sveitarfélaga og hafa nokkur sveitarfélög stigið það skref að veita fulltrúum úr ungmennaráðum sæti í nefndum sem áheyrnarfulltrúar. Huga má einnig að því að skipa ungmenni til setu í starfshópum sem sveitarfélög starfrækja oft um afmörkuð viðfangsefni.

Lögræðisaldur miðast nú við 18 ára aldur og miðast það aldursmark við það að börn fái að vera börn fram að þeim aldri og þau séu þannig vernduð fyrir áreiti og ógnum samfélagsins.

Sveitarstjórn telur ekki rétt að aðskilja kosningarétt og kjörgengi og telur því að kosningaréttur og kjörgengi eigi að fylgja sjálfræðisaldri og kosningaaldur verði því áfram 18 ár við sveitarstjórnarkosningar eins og verið hefur. Einnig bendir sveitarstjórn á að skoða megi það að fleiri réttindi yrðu samræmd ákveðnum aldri til dæmis við 18 ár.

F.h. sveitarstjórnar,

Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri

Sendandi: Eyverjar

Dagsetning: 18. febrúar 2019

Númer og heiti þingmáls: Umsögn um frumvarp til laga um kosningar til sveitastjórna (kosningaaldur). 356 mál.

Eyverjar, félag ungra Sjálfstæðismanna í Vestmannaeyjum, skora á Alþingi að taka afstöðu með því að lækka kosningaaldur í 16 ár. Með því er verið að styðja við aukna lýðræðisþátttöku ungs fólks. Dvínandi kosningaþátttaka ungs fólks er áhyggjuefni og hafa rannsóknir sýnt að þeir sem nýta kosningarétt sinn ungir gera það frekar alla ævi.

Einstaklingar sem náð hafa 16 ára greiða þar að auki óskertan tekjuskatt og útsvar ásamt því að taka fullan þátt í samfélaginu og ættu því eðli málsins samkvæmt að geta haft áhrif með kosningaþátttöku hvernig fjármunum ríkis og sveitarfélaga er ráðstafað.

Áfram ungt fólk og frelsi einstaklingsins

-Stjórn Eyverja

Góðan daginn

Á fundi bæjarráðs Fjarðabyggðar 4.mars 2019 var ítrekuð fyrri afstaða ráðsins um frumvarp til laga um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna - kosningaaldur.

Bæjarráð telur rétt að saman fari kosningaaldur og kjörgengi auk þess sem kosningaaldur verði sá sami í öllum kosningum. Bæjarráð Fjarðabyggð getur því ekki tekið undir efni frumvarpsins.

Virðingarfyllst,



FJARÐABYGGÐ

Þú ert á góðum stað

Gunnlaugur Sverrisson

Forstöðumaður stjórnarsýslu - Director of Administration

gunnlaugur.sverrisson@fjardabyggd.is

Fjarðabyggð

+354 470 9092

Hafnargötu 2

730 Fjarðabyggð

www.fjardabyggd.is



201902002 - Frumvarp til laga um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna (kosningaaldur)

Töluverð umræða hefur orðið um frumvarpið á síðustu tveimur fundum bæjarráðs og er niðurstaðan sú að um málið eru skiptar skoðanir.

Mun því bæjarráð ekki veita umsögn um málið en hvetur til opinnar umræðu um það, enda hníga gild rök að báðum niðurstöðum.



Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Borg, 21. febrúar 2019

Efni: Umsögn vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna (kosningaaldur), 356. mál.

Á fundi sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps þann 20. febrúar s.l. var lögð fram beiðni frá Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis, dags. 31. janúar 2019 þar sem óskað er umsagnar sveitarfélagsins á frumvarpi til laga um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna (kosningaaldur), 356. mál.

Eftirfarandi bókun var gerð:

15. Beiðni Stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna (kosningaaldur), 356. mál.

Fyrir liggur beiðni stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna (kosningaaldur), 356. mál.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps styður ekki við frumvarp til laga um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna (kosningaaldur).

Sveitarstjórn telur ekki rétt að aðskilja kosningarétt og kjörgengi og telur því að kosningaréttur og kjörgengi eigi að fylgja sjálfræðisaldri og kosningaaldur verði því áfram 18 ár við sveitarstjórnarkosningar eins og verið hefur. Vissulega vill sveitarstjórn styðja við lýðræðisþátttöku ungs fólks og telur að slíkt þurfi að byrja með aukinni fræðslu í elstu deildum grunnskóla þar sem að ungmennum er veitt fræðsla meðal annars um stjórnsýsluna. Einnig þarf að gera Ungmennaráð að fastanefndum hjá öllum sveitarfélögum og hvetja til þess að ungmenni séu einnig höfð í huga þegar valið er í aðrar fastanefndir sveitarfélaga þannig að rödd ungs fólks heyrir þegar verið er að fjalla um málefni samfélagsins. Með slíkum breytingum er ungu fólki veitt aukið tækifæri til að hafa áhrif á samfélagið sem virkir og ábyrgir þátttakendur.

Virðingarfyllst,
f.h. sveitarstjórnar



SVEITARSTJÓRI

GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSHREPPUR

Ingibjörg Harðardóttir, sveitarstjóri

Alþingi - Frumvarp um breytingar á sveitarstjórnarlögum (kosningaaldur) - 1902023

Bæjarstjórn Grundarfjarðarbæjar tók fyrir erindi þitt á fundi sínum í gær, þriðjudaginn 12. febrúar 2018.

Eftirfarandi var bókað:

Bæjarstjórn er hlynt þeirri breytingu sem frumvarpið boðar um lækkun kosningaaldurs til sveitarstjórna í 16 ár. Meginrökin fyrir breytingunni séu þau að frá sama aldri þurfi ungmenni að greiða tekjuskatt af tekjum sínum líkt og fullorðnir. Ákveðið samræmi sé því tryggt milli skattskyldu og kosningaréttar.

Að gefnu tilefni skorar bæjarstjórn jafnframt á flutningsmenn frumvarpsins að tryggja það í lögum, að íbúar sveitarfélaga eigi þess kost að kjósa til sveitarstjórna utan kjörfundar í sinni heimabyggð.

Þetta tilkynnist hér með.

F.h. bæjarstjórnar

Með kveðju,
Sigurlaug R. Sævarsdóttir
skrifstofustjóri

Góðan daginn

Sveitarstjórn Grýtubakkahrepps tók frumvarpið til umræðu á fundi sínum í gær og bókaði eftirfarandi undir dagskrárlið nr. 4

„4. Frumvarp til laga um breytingu á kosningaaldri í sveitarstjórnarkosningum, mál nr. 356.

Sveitarstjórn telur að kosningaréttur og kjörgengi eigi að fylgja sjálfræðisaldri.“

Til frekari skýringar:

Allt lagaumhverfið okkar gerir ráð fyrir að börn séu börn og á ábyrgð foreldra sinna til átján ára aldurs. Sem dæmi geta börn ekki skráð einn veikindadag í framhaldsskóla án atbeina foreldris. Kosningar eru hornsteinn lífþæðisins og lífþæðið grundvöllur samfélagsins, þetta er því ekki léttvægt mál. Vandséð er hvernig ólögráða einstaklingar geta talist fullgildir þátttakendur. Væri kosningaþátttakan þá á ábyrgð barnsins, sem enga ábyrgð má bera að lögum, eða á ábyrgð foreldra? Í greinargerð eru skyldur foreldra að þessu leyti upphafnar í einni setningu án nokkurs rökstuðnings eða vísana í lög.

Ekki má heldur gleyma rétti barna til þess að vera börn og vera undanþegin áreiti og ógnum samfélagsins. Með kosningarétti yrði opnað fyrir ágengan áróður í þeirra garð t.d. á samfélagsmiðlum þar sem einskis er svífist og eftirlit er illmögulegt. Rétturinn til að vera vernduð fyrir því kann að vera börnum mikilvægari en rétturinn til að fá lífþæðiskvaðir á sínar ungu herðar.

Þessu er hér með komið á framfæri.

Bestu kveðjur,



Þróstur Friðfinnsson

sveitarstjóri Grýtubakkahrepps

s. 414 5400 / 894 4650

throstur@grenivik.is



Húnathing vestra

Hvammstangabraut 5 • 530 Hvammstangi
Sími 455 2400 • Fax 455 2409
www.hunathing.is • Kt. 540598-2829

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Hvammstangi, 25. febrúar 2019

Efni: Umsógn sveitarstjórnar Húnathing vestra um frumvarp til laga um breytingu á kosningaaldri í sveitarstjórnarkosningum, mál nr. 356.

Á 992. fundi byggðarráðs Húnathing vestra var eftirfarandi fært til bókar við 6. lið:

1902019 Frumvarp til laga um breytingu á kosningaaldri í sveitarstjórnarkosningum, mál nr. 356.

Byggðarráð tekur undir að þörf er á að styðja við lýðræðisþátttöku ungs fólks og auka tækifæri þeirra til að hafa áhrif á samfélagið. Byggðarráð telur þó ekki rétt að aðskilja kosningarétt og kjörgengi sem eigi að fylgja sjálfræðisaldri. Byggðarráð bendir á mikilvægi þess að einstaklingar sem taki þátt í sveitarstjórnarmálum hafi lagalega stöðu til að geta tekið ákvarðanir og þess sé sérstaklega gætt við afgreiðslu frumvarpsins. Lýðræðisþátttöku ungs fólks er hægt að efla með öðrum leiðum eins og með ungmennaráði, aukinni fræðslu til ungs fólks og skuggakosningum

Virðingarfyllst,


Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri



Alþingi

Kirkjustræti
150 Reykjavík

Hvalfjarðarsveit
Innrímel 3
301 Akranes
Sími : 433 8500
Fax : 433 8501
Kt. 630606-1950

13. febrúar 2019

1902004 GT

Umsögn vegna breytinga á lögum um kosningar til sveitarstjórna.

Á fundi sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar sem haldinn var **12.2.2019** var tekið fyrir mál

Breytingar á lögum um kosningar til sveitarstjórna (kosningaaldur).

Varaoddviti lagði fram eftirfarandi tillögu:

"Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar er sammála því að þörf er á að styðja við lýðræðispáttöku ungs fólks og auka tækifæri þess til að hafa áhrif á samfélagið sem virkir og ábyrgir þátttakendur. Það er hægt að gera t.d. með öflugum starfi ungmennaráða í sveitarfélögum. Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar er þeirrar skoðunar að kosningaréttur og kjörgengi eigi að fylgja sjálfræðisaldri og kosningaaldur verði áfram við 18 ára aldur við sveitarstjórnarkosningar eins og verið hefur."

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Það tilkynnist hér með

Með kveðju,

Guðný Tómasdóttir
ritari

gudnyt@hvalfjardarsveit.is

Berist til stjórnar Velferðarnefndar Alþingis.

Á fundi bæjarráðs Hveragerðisbæjar þann 7. febrúar var tekið til afgreiðslu erindi frá Velferðarnefnd Alþingis þar sem óskað var eftir umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna (kosningaaldur), mál nr. 356.

Eftirfarandi er afgreiðsla bæjarráðs:

Bæjarráð er fylgjandi því að ungt fólk fái aukið hlutverk og að á það sé hlustað þegar kemur að mótun samfélagsins. Slíkt er hægt að gera með ýmsum hætti svo sem með öflugum ungmennaráðum.

Fyrir nokkru var gerð sú breyting að lögræðisaldur var hækkaður í 18 ár einmitt til aðkoma til móts við það sjónarmið að börn fengju að vera börn til 18 ára aldurs og þau væru þannig eins og nokkur er kostur undanþegin áreiti og ógnum samfélagsins. Var þetta talið mikilvægt skref og jákvætt enda flestir sammála því að þessi breyting hafi verið til bóta.

Það er ávallt mikilvægt að skoða með hvaða hætti megi bæta samfélagið og þar væri stórt skref stigið ef að réttindi yrðu öll samræmd ákveðnum aldri til dæmis við 18 ár.

Bæjarráð telur ekki rétt að aðskilja kosningarétt og kjörgengi og telur því að kosningaréttur og kjörgengi eigi að fylgja sjálfræðisaldri og kosningaaldur verði því áfram 18 ár við sveitarstjórnarkosningar eins og verið hefur.

Þessi afgreiðsla bæjarráðs tilkynnist hér með.

Bestu kveðjur
Aldís

Alþingi, nefndasvið
Netfang: nefndasvid@althingi.is

Efni: Umsögn Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998, með síðari breytingum (kosningaaldur), 149. löggjafarþing 2018-2019, þingskjal 434 — 356. Mál.

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa Reykjavíkurborgar styður frumvarp til laga um breytingu á lögum um kosningar til sveitastjórna. Þessi breyting er í samræmi við þá stefnu sem Reykjavíkurborg hefur þegar markað í skóla- og frístundastarfi en barnasáttmálinn er grundvöllur hennar. Í 12. grein sáttmálans segir: „Aðildarríki skulu tryggja barni sem myndað getur eigin skoðanir rétt til að láta þær frjálsglega í ljós í öllum málum sem það varða, og skal tekið réttmætt tillit til skoðana þess í samræmi við aldur þess og þroska.“

Nýverið var samþykkt ný menntastefna hjá Reykjavíkurborg en andi hennar styður við þessa breytingu. Menntastefnan var samþykkt í nóvember 2018 og unnin í samstarfi við þúsundir borgarbúa. Eitt af aðal leiðarljósum stefnunnar er virkni barna og lýðræðisleg þátttaka í leik og starfi. Áhersla er lögð á gagnrýna hugsun, félagsfærni og lýðræðisleg vinnubrögð þar sem börn fá tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri. Með virkri lýðræðiskennslu öðlast börn færni í því að móta samfélagið sem þau tilheyra. Í lagafrumvarpinu er mikilvægi lýðræðisfræðslu til fyrstu kjósenda ávarpað verði kosningaaldur lækkaður og þykir innleiðing á menntastefnunni vera gott verkfæri til að veita þá fræðslu sem þörf er á.

Önnur breyting hjá Reykjavíkurborg þessu efni tengd eru breytingar á kosningaaldri í íbúalýðræðisverkefninu *Hverfið mitt*. Í samráði við ungmennaráð Reykjavíkur var ákveðið að lækka kosningaaldurinn í verkefninu úr 16 ára niður í 15 ára og var þar stigið stórt skref í þá átt að auka áhrif ungs fólks á nærumhverfi sitt. Frá því að verkefnið hóf göngu sína árið 2011 hefur kosningaaldurinn verið 16 ár.

Að lokum lýsum við yfir ánægju með þann tíma sem gert er ráð fyrir að sé til undirbúnings því það gefur færi á að vanda alla framkvæmd. Líkt og nefnt er undir hlutanum *Fræðsla* í ábendingum stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar í frumvarpinu getur hegðun fólks í fyrstu kosningum slegið tóninn varðandi það hvort fólk nýti sér kosningarréttinn í framtíðinni.

Viljum vekja athygli á eftirfarandi:

Í undirkaflanum *Réttindi og skyldur barna* er notast við orðalagið forsjárforeldrar annars vegar og foreldrar hins vegar. Við leggjum til að þessum orðum verði skipt út fyrir orðið forsjáraðilar. Þannig verði komið til móts við allar fjölskylduaðstæður sem kunna að vera til staðar.

Góðan dag.

Byggðarráð Norðurljóps tók til umfjöllunar frumvarp til laga um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna (kosningaaldur), 356. mál á fundi sínum þann 28. febrúar s.l.

Á fundi ráðsins var bókað;

„Byggðarráð Norðurljóps telur ekki ástæðu til að lækka kosningaaldur í 16 ár í sveitarstjórnarkosningum á þeim forsendum sem lagt er upp með. Byggðarráð telur að eðlilegra sé að kosningaaldur sé hinn sami og lögræðisaldur, þ.e. 18 ár. Þó er tekið undir mikilvægi þess að markvissra aðgerða er þörf til að auka kjörsókn og efla kosningaþátttöku yngri kjósenda sérstaklega.“

Þessi afgreiðsla tilkynnist hér með.

Kveðja

Drífa Valdimarsdóttir
Fjármálastjóri Norðurljóps og staðgengill sveitarstjóra



Alþingi
Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Reykjanesbær, 20. febrúar 2019
Mál nr. 2019020009

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna (kosningaaldur), 356. mál

Á fundi bæjarráðs Reykjanesbæjar þann 7. febrúar 2019 var eftirfarandi fært til bókar:

Samkvæmt lögræðislögum verða einstaklingar sjálfráða og fjárráða við 18 ára aldur og þar með lögráða. Verði frumvarpið óbreytt að lögum munu 16 ára einstaklingar verða kjörgengir í sveitarstjórnarkosningum þótt þeir séu ekki fjárráða.

Bæjarráð tekur undir þau sjónarmið að kjörgengi ætti fremur að fylgja lögræðisaldri, m.a. vegna þess að fulltrúar í sveitarstjórnnum taka ákvarðanir sem varða fjárhag sveitarfélaga og ekki eðlilegt að ófjárráða einstaklingar komi að slíkum ákvörðunum.

Á fundi bæjarstjórnar Reykjanesbæjar 19. febrúar s.l. var afgreiðsla bæjarráðs staðfest.

Ofangreint tilkynnist hér með
f.h. Reykjanesbæjar

Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir
Skjalavörður



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið
b.t. allsherjar- og menntamálanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 27. mars 2019

1902021SA KB
Málalykill: 00.63

Efni: Bókun frá fimm stjórnarmönnum sambandsins vegna umsagnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna

Með erindi dags., 5. mars 2019, var allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis send umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um um frumvarp til laga um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna. Í erindinu kemur fram að ljóst sé að skoðanir sveitarstjórnarmanna séu nokkuð skiptar um málið. Hið sama eigi við stjórn sambandsins en að í umsögninni sé tekið mið af umræðu sem fram fór í stjórninni 22. febrúar sl. Á þeim fundi áskildu stjórnarmenn sér rétt til að skila séráliti eða bóka á næsta stjórnarfundum um afstöðu sína til umsagnarinnar. Verði um að ræða slík sérálit eða bókanir verði þeim komið á framfæri við þingnefndina.

Á fundi stjórnarinnar þann 15. mars 2019 var málið til umfjöllunar og lögð var fram sameiginleg bókun frá fimm stjórnarmönnum um málið sem hljóðar svo:


„Við eftirtaldir fulltrúar áréttum mikilvægi þess að auka kosningaþátttöku ungs fólks í almennum kosningum á Íslandi, en þátttaka yngstu kjósendanna hefur löngum verið marktækt lægri en þeirra sem eldri eru, sem og kosningaþátttaka fólks af erlendum uppruna. Það frumvarp sem hér er til umsagnar felur í sér að auka rétt ungs fólks til lýðræðislegrar þátttöku með því að lækka kosningaaldur í 16 ár í sveitarstjórnarkosningum eins og æ fleiri dæmi eru um í lýðræðisríkjum Evrópu og víðar. Lækkun kosningaaldurs í 16 ár myndi án efa styrkja rödd ungu kynslóðarinnar og draga úr þeim lýðræðishalla sem ungt fólk hefur löngum mátt búa við varðandi aðkomu að vali á kjörnum fulltrúum, vægi á framboðslistum.

Heiða Björg Hilmisdóttir, Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, Bjarni Jónsson, Guðmundur Ari Sigurjónsson og Gunnar Einarsson.“

Framangreint tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA


Karl Björnsson
framkvæmdastjóri



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. allsherjar- og menntamálanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 5. mars 2019

1902021SA GB
Málalykill: 00.63

Efni: Umsögn um frv. um br. á l. um kosningar til sveitarstjórna, 356. mál

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis dags. 31. janúar sl., þar sem óskað er umsagnar sambandsins um ofangreint frumvarp, þar sem lagt er til að kosningarréttur við sveitarstjórnarkosningar miðist framvegis við 16 ára aldur í stað 18 ára aldurs nú en að kjörgengi miðist áfram við 18 ára aldur. Að beiðni sambandsins var umsagnarfræstur framlengdur til 4. mars nk. og hefur sambandið hvatt allar sveitarstjórnir til að nýta þann tímafrest til þess að fjalla um frumvarpið og veita um það umsögn. Meginefni þeirra umsagna sem þegar hafa borist er rakið í þessari umsögn og er ljóst að skoðanir sveitarstjórnarmanna eru nokkuð skiptar um málið. Hið sama á við um stjórn Sambands Íslenskra Sveitarfélaga en í umsögn þessari er tekið mið af umræðu sem fram fór í stjórninni 22. febrúar sl. Á þeim fundi áskildu stjórnarmenn sér rétt til að skila séráliti eða bóka á næsta stjórnarfundum um afstöðu sína til umsagnarinnar. Verði um að ræða slík sérálit eða bókanir verður þeim komið á framfæri við þingnefndina.

Almennt um frumvarpið

Í upphafi er tilefni til að taka fram að það frumvarp sem hér er til umsagnar er að mörgu leyti skýrara en frumvarp um sama efni sem var til umsagnar á síðasta löggjafarþingi. Í greinargerð með frumvarpinu koma fram gagnlegar upplýsingar og rökstuðningur en við hana er þó tilefni til að gera eilítla athugasemd. Í greinargerð með frumvarpinu er vísað til tilraunaverkefnis í 12 sveitarfélögum í Noregi en þess látið ógetið að þegar reynsluverkefninu lauk var tekin ákvörðun um að ráðast ekki í lagabreytingar til að lækka kosningaaldur.

Meginniðurstaða fræðimanna, sem fylgdust með kosningaþátttöku 16-18 ára ungmenna í 20 norskum sveitarfélögum í sveitarstjórnarkosningum þar í landi 2011 og 2015, var sú að lækkun kosningaaldurs í 16 ár myndi ekki hafa mikil áhrif á staðbundið lýðræði í Noregi. Það sé ekki tilefni til að hafa áhyggjur af lækkun kosningaaldurs en á hinn bóginn sé ekki tilefni til að hafa væntingar um að hún hafi mikil jákvæð lýðræðisáhrif. Í ljósi niðurstaðna verkefnisins var það afstaða stjórnvalda í Noregi að lögræðisaldur og kosningaaldur eigi að fara saman og að reynslan af tilraunaverkefninum réttlæti ekki fráhrarf frá því grundvallarsjónarmiði.

Við undirbúning umsagnar um málið á síðasta löggjafarþingi óskaði Samband Íslenskra Sveitarfélaga eftir upplýsingum frá systursamböndum á hinum Norðurlöndunum um hvaða umræða hafi átt sér stað þar um mögulega lækkun kosningaraldurs. Eins og staðan er nú virðist ekkert þeirra landa vera að stefna að

því að lækka kosningaaldur. Um þessa könnun vísast nánar til fylgiskjals með umsögn þessari.

Í skýringum við frumvarpið er rakin þróun í nokkrum ríkjum þar sem ákvörðun hefur verið tekin um að lækka kosningaraldur í 16 ár. Sú þróun gefur vissulega tilefni til umræðu um málið hér á landi og eru í þessari umsögn raktar helstu röksemdir með og á móti því að lækka kosningaraldur úr 18 árum í 16 ár.

Dvínandi kosningaþátttaka – hvað er til ráða?

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að frumvarpið er hugsað sem aðgerð til þess að sporna gegn dvínandi kosningaþátttöku ungs fólks. Fjölmarginar rannsóknir á Vesturlöndum staðfesta að kosningaþátttaka yngstu kynslóðar kjósenda er mun minni en þeirra sem eldri eru og hefur hún farið dvínandi á undanförunum áratugum, hvort sem litið er til Íslands, Evrópu eða Bandaríkjanna. Kosningaþátttaka yngstu kjósendanna í sveitarstjórnarkosningunum 2014 var einungis um 50% samanborið við 67% kjörsókn almennt og víða erlendis er kjörsókn ungu kynslóðarinnar 20-30% lægri en almenn kjörsókn allra aldurshópa. Afleiðing þessa er lýðræðishalli sem vinnur gegn hagsmunum ungu kynslóðarinnar. Í því samhengi má m.a. benda, á eins og fulltrúar ungmennaráða hafa haldið til haga, að 16 ára ungmenni greiða skatta til hins opinbera en hafa enga aðkomu að því að velja þá fulltrúa sem hafa með höndum ráðstöfun þess skattfjár.

Samband íslenskra sveitarfélaga er sammála því að lág og dvínandi kosningaþátttaka ungs fólks er töluvert áhyggjuefni, ekki síst í sveitarstjórnarkosningum. Jafnframt má benda á að tilefni er til að hafa áhyggjur af kosningaþátttöku fleiri hópa, ekki síst innflytjenda. Í sveitarstjórnarkosningum 2014 var þátttaka kjósenda með erlent ríkisfang 21%, tæp 57% meðal norrænna kjósenda en aðeins 17% meðal annarra erlendra ríkisborgara. Alls höfðu 10.183 kjósendur með erlent ríkisfang og búsettir hér á landi kosningarrétt við sveitarstjórnarkosningarnar og er því ærið tilefni til þess að huga að því að auka kosningaþátttöku þess hóps.

Það er staðreynd að verulega hefur dregið úr kosningaþátttöku á sveitarstjórnarstigi frá efnahagshruninu 2008 og hefur kosningaþátttaka aldrei verið minni en árið 2014 eða 66,5%. Í kosningunum 2018 varð þó ákveðinn viðsnúningur (67,6% kosningaþátttaka) sem gefur tilefni til nokkurrar bjartsýni um að botninum hafi verið náð. Að mati sambandsins er þörf á rannsóknum á því hvað liggja að baki minnkandi kosningaþátttöku og heildstæðri skoðun á því hvernig megi snúa þróuninni við. Annars staðar á Norðurlöndunum hafa rannsóknir sýnt að kosningaþátttaka er mjög sveiflukennd eftir þjóðfélagshópum og búsetu. Meta þarf stöðuna hér á landi að þessu leyti og skoða sértæk úrræði á þeim grunni.

Að mati sambandsins þurfa grundvallarbreytingar á reglum um kosningarétt að vera byggðar á vönduðum grunni og styðjast við veigamikil rök. Samhliða mati á því hvort lækka eigi kosningaaldur þarf að skoða hvort aðrar aðgerðir séu nauðsynlegar til að styðja við slíka breytingu og hvort aðrar aðgerðir séu jafnvel betur til þess fallnar að ná markmiði um aukna lýðræðislega þátttöku. Einnig er tilefni til umræðu um hvaða almennu heimildir stjórnvöld hafi til að beita sér fyrir

aukinni kosningaþátttöku, í ljósi nýlegs álits Persónuverndar um sveitarstjórnarkosningarnar 2018.

Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á þeim árangri sem náðist í Danmörku í sveitarstjórnarkosningum 2013 þar sem tókst að auka kosningaþátttöku almennt um 6% og meðal ungmenna 18-21 árs um 13% í víðtæku samstarfi og með margvíslegum aðgerðum eins og gerð er nánar grein fyrir í fylgiskjali. Þar í landi hefur lækkun kosningaaldurs ekki verið í forgangi, fremur en í öðrum norrænum grannríkjum, við skoðun á úrræðum til að auka kosningaþátttöku. Í ljósi nýlegs álits Persónuverndar um sveitarstjórnarkosningarnar 2018 er tilefni til þess að stjórnvöld setji á blað vandaðar reglur um hvernig best verði staðið að slíkri hvatningu hér á landi.

Ekki er síður mikilvægt að huga að fræðslu til ungmenna, líkt og vikið er að í mörgum umsögnum um frumvarpið, svo sem frá umboðsmanni barna, ungmennaráðum og sveitarstjórnunum. Í flestum þessara umsagna kemur fram sú afstaða að þýðingarlítið sé að lækka kosningaaldur án aukinnar fræðslu og í sumum þeirra virðast umsagnaraðilar telja að aukin fræðsla sé á þessu stigi nægilegt skref.

Þörf fyrir samræmi í kosningalöggjöf og þróun hennar

Almennt hefur það verið afstaða sambandsins að löggjöf um kosningar til Alþingis og sveitarstjórna eigi að vera eins samræmd og kostur er. Af þeirri ástæðu hafa við umfjöllun um málið í stjórn sambandsins komið fram efasemdir um að lögfesta breytingu á kosningaaldri sem eingöngu nær til sveitarstjórnarkosninga. Sama afstaða kemur fram í umsögnum margra sveitarstjórna.

Vert er að nefna að nokkurt verkefni er óunnið í samræmingu kosningalöggjafar hér á landi. Lögum um kosningar til Alþingis hefur verið breytt nokkuð á undanförunum árum en lög um kosningar til sveitarstjórna hafa verið að mestu óbreytt frá 2002. Má m.a. nefna að reglur um áhrif breytinga kjósenda á röð frambjóðenda eru mismunandi og er nánast útilokað að slíkar breytingar hafi áhrif á úrslit sveitarstjórnarkosninga.

Síðustu breytingar sem gerðar voru á ákvæðum laga um kosningar til sveitarstjórna varðandi kosningarrétt voru gerðar með lögum nr. 27/2002. Var þá gerð sú breyting á 2. gr. laganna að allir erlendir ríkisborgarar, aðrir en danskir, finnskir, norskir og sænskir ríkisborgarar, sem átt hafa lögheimili hér á landi í fimm ár samfelld fyrir kjördag njóti hér kosningarréttar. Engin breyting var þá gerð á kosningarrétti ríkisborgara hinna Norðurlandanna, sem áfram miðast við þrjú ár.

Með samþykkt laganna voru uppfyllt lágmarksskilyrði sáttmála Evrópuráðsins frá 1992 um þátttöku útlendinga í opinberu lífi á sveitarstjórnarstigi (Convention on the Participation of Foreigners in Public Life at Local Level – ETS no. 144). Í ljósi mikillar fjölgunar innflytjenda hér á landi frá því að umrædd lagabreyting var samþykkt telur sambandið eðlilegt að velja því upp hvort frekar væri ástæða til þess ræða möguleika á að rýmka kosningarrétt erlendra ríkisborgara hér á landi heldur en að lækka kosningaaldur. Þannig er ljóst að íslenskir ríkisborgarar njóta mun rýmri kosningarréttar á hinum Norðurlöndunum en borgarar þessara ríkja njóta hér á landi. Einnig virðist tímabært að meta hvort tilefni sé til þess að stytta skilyrði um fimm ára búsetutíma annarra erlendra ríkisborgara.

Með hliðsjón af framangreindum sjónarmiðum telur Samband íslenskra sveitarfélaga að ýmis álitaeefni séu til staðar sem kalli á frekari endurskoðun laganna og að æskilegt væri að ræða hugmyndir um lækkun kosningaraldurs við sveitarstjórnarkosningar í heildarsamhengi við aðrar hugmyndir um breytingar á lögnum, frekar en að samþykkja slíka lagabreytingu eina og sér.

Afstæða einstakra sveitarfélaga

Eins og áður segir hefur sambandið hvatt allar sveitarstjórnir til þess að fjalla um frumvarpið og senda umsögn um það til Alþingis. Þegar þessi umsögn er rituð hafa borist allmargar umsagnir frá sveitarfélögum. Varasamt er að draga of miklar ályktanir af þeim um afstöðu sveitarfélaga almennt því mikill meirihluti sveitarfélaga í landinu hefur ekki skilað inn umsögn þegar þessi orð eru rituð. Einnig hafa borist þær fregnir frá nokkrum sveitarfélögum að skoðanir um frumvarpið séu svo skiptar að sveitarstjórnir hafi ekki forsendur til að samþykkja umsögn um málið.

Í sex þessara umsagna er mælt með samþykkt frumvarpsins:

Í umsögn Grundarfjarðarbæjar segir að meginrök fyrir því að rétt sé að lækka kosningaaldur í 16 ár séu að frá sama aldri þurfi börn að greiða tekjuskatt af tekjum sínum líkt og fullorðnir. Ákveðið samræmi sé því tryggt milli skattskyldu og kosningarréttar. Í umsögninni er jafnframt skorað á Alþingi að tryggja að íbúar eigi þess kost að kjósa utan kjörfundar í sinni heimabyggð.

Bæjarráð [Vesturbyggðar](#) fagnar því að ungt fólk fái aukið hlutverk við mótun samfélagsins. Verði frumvarpið óbreytt að lögum munu 16 ára einstaklingar fá kosningarétt við kosningar til sveitarstjórnar en verða ekki kjörgengir í sveitarstjórnarkosningum. Bæjarráð bendir á mikilvægi þess að einstaklingar sem taki þátt í sveitarstjórnarmálum hafi lagalega stöðu til að geta tekið ákvarðanir og þess sé sérstaklega gætt við afgreiðslu frumvarpsins. Bæjarráð felur bæjarstjóra að senda umsögn um frumvarpið og upplýsa Samband íslenskra sveitarfélaga um afstöðu bæjarráðs til frumvarpsins.

[Mannréttindaráð Reykjavíkurborgar](#) styður frumvarpið. með vísan til stefnu sem borgin hefur samþykkt um innleiðingu Barnasáttmála SP í skóla- og frístundastarfi. Í umsögninni er m.a. bent á að í íbúalýðræðisverkefninu Hverfið mitt var ákveðið að lækka kosningaaldurinn í verkefninu úr 16 ára niður í 15 ára og var þar stigið stórt skref í þá átt að auka áhrif ungs fólks á nærumhverfi sitt. Frá því að verkefnið hóf göngu sína árið 2011 hefur kosningaaldurinn verið 16 ár. Einnig mælir [ungmennaráð Sveitarfélagsins Hornafjarðar](#) með samþykkt frumvarpsins. Í umsögninni kemur fram von um að lagabreytingin sé áfangi og að ekki verði langt þar til kosningaaldur í alþingiskosningum verði lækkaður til samræmis.

[Ungmennaráð Akureyrarbæjar](#) fagnar frumvarpi um lækkun kosningaldurs og skorar á Alþingi Íslendinga að samþykkja það. Frumvarpið hvetur börn til aukinnar lýðræðisþátttöku í samfélaginu. Í Barnasáttmálanum sem lögfestur var á Íslandi í febrúar 2013 er börnum tryggður réttur til að tjá skoðanir sínar í öllum málum er þau varða. Með þessu frumvarpi er einungis verið að ítreka þennan rétt barna og hvetja ráðamenn til að virða hann. Ungt fólk á aldrinum 16-18 ára er byrjað að greiða skatt til samfélagsins og ættu því að geta haft áhrif á hvernig fjármagni sveitarfélaga er varið. Lækkun kosningaldurs í 16 ár hvetur stjórnámálamenn til að

láta sig málefni ungs fólks frekar varða en þeir myndu annars gera. Ungmennaráð vill hvetja stjórnvöld til að auka til mikilla muna fræðslu á stjórnámálum og lýðræði á öllum skólastigum.

Ungmennaráð Dalvíkurbyggðar telur frumvarpið af hinu góða og finnst mikilvægt að fræðsla til ungra kjósenda fari fram og verði framkvæmd af óháðum aðilum. Einnig telur ráðið að ekki ætti að takmarka aldur í ungmennaráðum sveitarfélaga við 16 ára, þó að aldur til sveitarstjórnarkosninga verði lækkaður.

Í öðrum umsögnum sveitarfélaga kemur fram neikvæð afstaða:

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar telur rétt að fyrstu skref til að auka þátttöku ungs fólks í málefnum sem varða íbúa og samfélagið séu stofnun ungmennaráða, sem starfa nú í mörgum sveitarfélögum, hvatning til vals á ungu fólki í nefndir sveitarfélaga og sérstök fræðsla um lýðræðis- og stjórnámál og stjórnsýslu almennt. Ungmennaráð Bláskógabyggðar leggur áherslu á að fræðsla um stjórnámál verði gerð að skyldu í 8. til 10. bekk og tekur sveitarstjórn undir það sjónarmið. Sveitarstjórn telur ekki rétt að aðskilja kosningarétt og kjörgengi og telur því að kosningaréttur og kjörgengi eigi að fylgja sjálfræðisaldri og kosningaaldur verði því áfram 18 ár við sveitarstjórnarkosningar eins og verið hefur. Einnig bendir sveitarstjórn á að skoða megi það að fleiri réttindi yrðu samræmd ákveðnum aldri til dæmis við 18 ár.

Sveitarstjórn Grýtubakkahrepps, sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar, byggðarráð Norðurbings, bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga og hreppsnefnd Tjörneshrepps telja að kosningarréttur og kjörgengi eigi að fylgja sjálfræðisaldri, sem er 18 ár. Undir þetta tekur bæjarráð Fjarðabyggðar, sem áréttar jafnframt þá afstöðu að kosningaaldur verði sá sami í öllum kosningum.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps telur ekki rétt að aðskilja kosningarétt og kjörgengi og telur því að kosningaréttur og kjörgengi eigi að fylgja sjálfræðisaldri og kosningaaldur verði því áfram 18 ár við sveitarstjórnarkosningar eins og verið hefur. Vissulega vill sveitarstjórn styðja við lýðræðisþátttöku ungs fólk og telur að slíkt þurfi að byrja með aukinni fræðslu í elstu deildum grunnskóla þar sem að ungmennum er veitt fræðsla meðal annars um stjórnsýsluna. Einnig þarf að gera Ungmennaráð að fastanefndum hjá öllum sveitarfélögum og hvetja til þess að ungmenni séu einnig höfð í huga þegar valið er í aðrar fastanefndir sveitarfélaga þannig að rödd ungs fólks heyrir þegar verið er að fjalla um málefni samfélagsins.

Bæjarráð Hveragerðisbæjar er fylgjandi því að ungt fólk fái aukið hlutverk og að á það sé hlustað þegar kemur að mótun samfélagsins. Slíkt er hægt að gera með ýmsum hætti svo sem með öflugum ungmennaráðum. Fyrir nokkru var gerð sú breyting að lögræðisaldur var hækkaður í 18 ár einmitt til aðkoma til móts við það sjónarmið að börn fengju að vera börn til 18 ára aldurs og þau væru þannig eins og nokkur er kostur undanþegin áreiti og ógnum samfélagsins. Var þetta talið mikilvægt skref og jákvætt enda flestir sammála því að þessi breyting hafi verið til bóta. Það er ávallt mikilvægt að skoða með hvaða hætti megi bæta samfélagið og þar væri stórt skref stigið ef að réttindi yrðu öll samræmd ákveðnum aldri til dæmis við 18 ár. Bæjarráð telur ekki rétt að aðskilja kosningarétt og kjörgengi og telur því

að kosningaréttur og kjörgengi eigi að fylgja sjálfræðisaldri og kosningaaldur verði því áfram 18 ár við sveitarstjórnarkosningar eins og verið hefur.

Byggðarráð Húnaþings vestra tekur undir að þörf er á að styðja við lýðræðisþátttöku ungs fólks og auka tækifæri þeirra til að hafa áhrif á samfélagið. Byggðarráð telur þó ekki rétt að aðskilja kosningarétt og kjörgengi sem eigi að fylgja sjálfræðisaldri. Byggðarráð bendir á mikilvægi þess að einstaklingar sem taki þátt í sveitarstjórnarmálum hafi lagalega stöðu til að geta tekið ákvarðanir og þess sé sérstaklega gætt við afgreiðslu frumvarpsins. Lýðræðisþátttöku ungs fólks er hægt að efla með öðrum leiðum eins og með ungmennaráði, aukinni fræðslu til ungs fólks og skuggakosningum

Bæjarráð Sveitarfélagsins Árborgar vísar til umsagnar Sambands Íslenskra sveitarfélaga frá síðasta löggjafarþingi, þar sem lagst var gegn samþykkt frumvarps sem þá var til umfjöllunar.

Eins og þessar umsagnir bera með sér er ekki einhugur um málið á sveitarstjórnarstigi en þess má vænta að skýrari mynd um afstöðu sveitarstjórna muni liggja fyrir við lok umsagnarfrests.

Lokaorð


Umsögn þessi er veitt með þeim fyrirvara að fulltrúar í stjórn sambandsins hafa áskilið sér rétt til að leggja fram sérálit eða bókun um málið á næsta stjórnarfundum, sem verður 15. mars nk. Af hálfu sambandsins er þess vænst að margar umsagnir muni berast frá sveitarstjórnnum fyrir lok umsagnarfrests og að Alþingi taki mið af þeim sjónarmiðum sem þar koma fram við afgreiðslu málsins.

Af hálfu sambandsins hefur í þessari umsögn verið lýst helstu sjónarmiðum sveitarfélaga um það frumvarp sem hér er til umfjöllunar og m.a. bent á að á hinum Norðurlöndunum virðist ekki vera stefnt að því að lækka kosningaaldur í 16 ár líkt og lagt er til í frumvarpinu. Einnig er í umsögninni bent á önnur atriði sem kalla á endurskoðun laga um kosningar til sveitarstjórna og er ljóst að töluverðrar samræmingar er þörf á þeim lögum og lögum um kosningar til Alþingis. Ef ákveðið er að ráðast í þá vinnu þarf sú endurskoðun þó ekki að taka langan tíma.

Í umsögnum einstakra sveitarfélaga og umboðsmanns barna er bent á að til eru aðrar leiðir en lækkun kosningaaldurs til að auka stjórnmalapátttöku ungmenna. Sambandið lýsir sig fylgjandi frekari úrvinnslu slíkra ábendinga en bendir jafnframt á að tilefni er til þess að ræða hvaða heimildir stjórnvöld hafi til þess að hvetja til aukinnar þátttöku í kosningum og gefa út leiðbeiningar um það álitaefni.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri

Fylgiskjal: Samantekt um stöðuna á Norðurlöndum varðandi lækkun kosningaaldurs í 16 ár, dags. 22. janúar 2018

**Efni: Samantekt um stöðuna á Norðurlöndum varðandi lækkun
kosningaaldurs í 16 ár**

Hugmyndir um lækkun kosningaraldurs niður í 16 ár hafa verið til umfjöllunar á hinum Norðurlöndunum en ekki leitt til almennra breytinga samkvæmt upplýsingum frá norrænu sveitarfélagasamböndunum. Málið náði lengst í Noregi þar sem gerðar voru tilraunir í 20 sveitarfélögum við sveitarstjórnarkosningar 2011 og 2015 með lækkun kosningaaldurs niður í 16 ár en tilraunirnar vörðuð ekki lækkun á kjörgengisaldri. Norska ríkisstjórnin ákvað síðan að hverfa frá frekari tilraunum og telur að kosningarréttur eigi að vera óbreyttur 18 ár. Hér að neðan er gerð nánari grein fyrir umfjöllun í Finnlandi, Danmörku og Noregi. Ekki bárust að svo stöddu frekari upplýsingar frá Svíþjóð en þær að tillögur um lækkun kosningaraldurs hafi verið settar fram í nokkrum skýrslum en þær ekki náð fram að ganga. Til upplýsinga er rétt að taka fram að kosningaþátttaka í sveitarstjórnarkosningum er almennt lægri á Norðurlöndunum en í þingskosningum en hún er hæst í Svíþjóð og er megin skýringin talin vera sú að þar fara kosningar til allra þriggja stjórnsýslustiganna fram í einu.

Finnland

Hugmyndir um lækkun kosningaraldurs hafa verið lagðar fram nokkrum sinnum en ekki náð fram að ganga og ekki hefur orðið af tilraunaverkefnum. Vinnuhópur skipaður af finnska dómsmálaráðuneytið skilaði skýrslu 2010 um áhrif lækkunar kosningaraldurs og hvernig hægt yrði að standa að tilraunaverkefni og að hvaða leyti það myndi krefjast breytinga á lögum. Skýrslan er eingöngu til á finnsku en samkvæmt samantekt á sænsku um niðurstöður tók hópurinn ekki afstöðu til sjálfrar spurningarinnar um lækkun kosningaraldurs þar sem það sé pólitísk spurning. Hann tók þó fram að ef slík ákvörðun yrði tekin væri mikilvægt að henni fylgdu sértækar aðgerðir til styðja ungt fólk í að kjósa. Annars væri hætt á að ungt fólk sem fengi kosningarétt myndi ekki nýta sér hann.

Danmörk

Danir náðum einstæðum árangri við að auka kosningaþátttöku almennt og þar með talið meðal ungs fólks í sveitarstjórnarkosningum 2013 með mikilli áróðursherferð og samstilltu átaki ríkis og sveitarfélaga, félagasamtaka og stjórnmalaflokka. Það er athyglisvert í íslensku samhengi að bæði í Danmörku og Noregi hafa sms-skilaboð verið mikið notuð til að minna fólk á að kjósa, ekki síst ungt fólk, en hér á landi hefur Póst- og fjarskiptastofnun nýlega komist að þeirri niðurstöðu að

stjórnmalasamtökum sé óheimilt að senda slík skilaboð, nema með sérstöku samþykki viðkomandi.

Átakið í Danmörku fyrir sveitarstjórnarkosningar 2013 skilaði þeim árangri að kosningaþátttaka hækkaði úr 65,8% í kosningum 2009 í 71,9% 2013. Kosningaþátttaka fólks á aldrinum 18-21 árs hækkaði ennþá meira eða um 13%. Kosningaþátttaka dróst saman um 1 prósentustig² í sveitarstjórnarkosningum í Danmörku í nóvember 2017 en ekki var gengið eins langt í áróðurherferð og fyrir kosningarnar 2013.

Danska ungmennaráðið³ skipaði árið 2010 nefnd sem í áttu sæti 23 pólitískir fulltrúar í fremstu röð, fulltrúar hagsmunasamtaka og lýðræðissérfræðingar. Nefndin setti fram 28 aðgerðartillögur um hvernig hægt sé að auka þátttöku ungs fólks í lýðræðinu⁴. Hún setti ekki fram afgerandi tillögu um lækkun kosningaraldurs en meirihluti nefndarinnar lagði til að danska þingið myndi fjalla um málið⁵. Frumvarp um lækkun kosningaraldurs niður í 16 ár var lagt fram í danska þinginu 2015-2016 en náði ekki fram að ganga.

Samkvæmt 86. gr. dönsku stjórnarskrárinnar hafa allir þeir sem eiga kosningarétt til löggjafarþingsins, kosningarrétt við allar opinberar kosningar í Danmörku. Kosningarréttur og kjörgengi fara saman og stjórnarskrárbreytingu þarf til að greina þar á milli. Meirihluti nefndarinnar taldi að hugsanleg breyting á stjórnarskránni í framtíðinni myndi geta rutt veginn fyrir því að kjörgengisaldur gæti orðið hærrí en kosningaaldur og til að greina á milli kosningaraldurs við þingkosningar og sveitarstjórnarkosningar. Nefndin lét vinna lögfræðilega álitssgerð á lagalegum áhrifum af lækkun kosningaraldurs⁶. Í henni er komist að þeirri niðurstöðu⁷ að það sé mögulegt að lækka kosningaraldur í 16 ár og að það muni hafa það í för með sér að kjörgengisaldurinn muni um leið lækka niður í 16 ár. Það muni valda ýmsum álitamálum varðandi setu 16 ára ungmenna á þingi og í sveitarstjórnnum, sérstaklega varðandi bótaábyrgð og búsetuskyldu. Út frá núgildandi lögum yrði að liggja fyrir samþykki forsjáradila fyrir framboði. Væntanlega væri að hægt að leysa þessi álitæfni með lagabreytingum.

Í skýrslu nefndarinnar⁸ er reifað nánar að stærstu álitamálin varðandi lækkun kosningar- og kjörgengisaldurs muni koma fram þegar ungmenni tekur sæti í lýðræðislegri skipulagsheild og geti þar með orðið bótaskyld. Hægt væri að leysa þessi álitæfni með því að hafa mismunandi aldursviðmið þannig að kjörgengisaldur

¹ Sjá rannsókn á árangri einstakra aðgerða , http://www.kora.dk/media/2838366/kan_man_oge_valgdeltagelsen.pdf.

² <http://www.kl.dk/Momentum/Valgdeltagelsen-steg-i-otte-kommuner-id231100/?n=0§ion=29800>

³ DUF – Dansk Ungdoms Fællesråd

⁴ Valgretskommissionen, <http://duf.dk/dufs-arbejde/valgretskommissionen/>

⁵ Tilgreint er að danska sveitarfélagasambandið, KL, hafi ekki tekið afstöðu til spurningar um kosningaaldur þar sem það líti svo á að málefnið eigi að vera á borðum stjórnmalaflokkanna

⁶ Bls. 101-104 í

http://duf.dk/fileadmin/user_upload/DOKUMENTER/Maerkesager/Valgret/PUB_2011-12-01_Valgretskommissions_betaenkning_-_Demokrati_for_fremtiden.pdf

⁷ bls. 104

⁸ bls. 108

fylgi lögræðisaldri þrátt fyrir að kosningaaldur verði 16 ár. Þetta væri brot á langri hefð í Danmörku en slíkar fyrirmyndir sé hins vegar að finna víðs vegar um Evrópu. Í öllum tilvikum sé kosningaraldur lægri en kjörgengisaldur. Nefndin sé meðvituð um að í Danmörku muni slík breyting krefjast breytinga á stjórnarskránni.

Noregur

Tilraunir með 16 ára kosningaraldur í Noregi í sveitarstjórnarkosningum 2011 og 2015 voru gerðar í samvinnu við fræðimenn sem fylgdust með tilraununum. Í skýrslu þeirra eru niðurstöður tilraunanna teknar saman á aðgengilegan hátt bæði á norsku og ensku⁹. Í stuttu máli er niðurstaðan sú að lækkun kosningaraldurs í 16 ár myndi ekki hafa mikil áhrif á staðbundið lýðræði í Noregi. Það sé ekki tilefni til að hafa áhyggjur af lækkun kosningaaldurs en á hinn bóginn sé ekki tilefni til að hafa væntingar um að hún hafi mikil jákvæð lýðræðisáhrif.

Í tillögu sveitarstjórnarráðuneytisins til Stórþingsins um sveitarstjórnarstigið 2018¹⁰, eru færð rök fyrir því að ekki sé rétt að lækka kosningaraldur almennt og fyrst og fremst byggt á niðurstöðum fræðimannanna. Tilraunirnar hafi sýnt að kosningaþátttaka 16-17 ára ungmenna var meiri en meðal þeirra sem eru 19-25 ára og nærri almennri meðaltalskosningaþátttöku. Líkleg skýring á því sé sú að 16-17 ára ungmenni eru ennþá í framhaldsskóla og í sterkum félagslegum tengslum innan síns sveitarfélags og við foreldra sína. Tilraunirnar sýndu hins vegar að kjósendur á þessum aldri, sem tóku þátt í sveitarstjórnarkosningum 2011, tóku ekki þátt í meiri mæli en aðrir jafnaldrar í kosningum til Stórþingsins 2013 eða í sveitarstjórnarkosningum 2015. Fræðimennirnir töldu það benda til þess að ekki megi búast við því að þeir sem kjósi 16 og 17 ára komi sér upp kosningahefð og muni frekar taka þátt í kosningum í framtíðinni. Kosningaþátttaka ungs fólks í Noregi lækkar almennt við 19 ára aldur og er skýringin talin sú að í kringum þann aldur er uppbrot í lífi ungs fólks þar sem það fer þá að lifa sjálfstæðari fullorðinslífi. Í kringum 30 ára aldurinn er kosningaþátttakan orðin svipuð meðaltalinu.

Tilraunirnar sýndu að áhrif félagslegrar stöðu á kosningaþátttöku voru þau sömu meðal 16-17 ára og þeirra eldri og ekki sást mikill munur á þeim og eldri kjósendum hvað varðar fylgi við einstaka stjórnámálaflokka. Fræðimennirnir komust að þeirri niðurstöðu að helstu pólitísku áhrifin af tilraununum hafi verið þau að stjórnámálaflokkar reyndu í meira mæli að höfða til ungs fólks með því að setja ungt fólk í örugg sæti á listum.

Í Stórþingstillögunni er vísað til þess að árið 2011 hafi verið gerð úttekt á pólitískum þroska 16-18 ára ungmenna. Niðurstaða hennar hafi verið sú að 16-17 ára ungmenni hafi minni pólitískan þroska en þau sem eru orðin 18 ára. Einnig er komist að þeirri niðurstöðu að 16-17 ára ungmenni í tilraunasveitarfélögunum hafi ekki haft meiri pólitískan þroska en í öðrum sveitarfélögum. Munurinn var þó ekki svo mikill að

⁹ Bls. 7-10

https://brage.bibsys.no/xmlui/bitstream/handle/11250/2442522/Rapport%2b2016_1.pdf?sequence=2&isAllowed=y

¹⁰ Prop. 128S, Kommuneproposisjonen 2018, kafli 4.6, bls. 36-37

<https://www.regjeringen.no/contentassets/d8f313564d0a4d3e8afc6432593aa932/no/pdfs/prp201620170128000dddbdfs.pdf>

hægt væri að slá því föstu að 16-17 ára ungmenni hafi ekki nægilegan þroska til að kjósa.

Í Stórþingstillögunni er enn fremur tilgreint að það sé ekki hægt að styðja hugmyndir um lækkun kosningaaldurs við vilja íbúa. Það sé bara meirihluti fyrir lækkun kosningaaldurs meðal 16-17 ára ungmenna í tilraunasveitarfélögunum. Enn fremur er tilgreint að lögfræðilegt mat hafi sýnt að löggjafinn hafi mikið svigrúm til að lækka kosningaraldur¹¹. Spurningin sé fyrst og fremst pólitísk.

Sveitarstjórnarráðuneytið bendir að lokum á að það telji að lögræðisaldur og kosningaaldur eigi að fara saman og að reynslan af tilraunaverkefnum réttlæti ekki fráhvarf frá því grundvallarsjónarmiði.

AGB

¹¹ Lagalega svigrúmið er talið ná bæði til lækkunar kosningaaldurs og kjörgengisaldurs, sbr. bls. 73-124. Ekki er talin þörf á samþykki foreldra til að bjóða sig fram. Hins vegar talin þörf á ívilnunum frá almennri skyldu til að taka sæti í sveitarstjórn/ombudsplikt. https://www.regjeringen.no/globalassets/upload/kmd/komm/rapporter/rapport_stemmerett_for_16-aaringer.pdf.



20. janúar 2019
Sæmundargata 4, 105 Reykjavík

UMSÖGN STÚDENTARÁÐS við frumvarp til laga um lækkun kosningaaldurs

Skrifstofa Stúdentaráðs þakkar fyrir erindið. Við fögnum áhuga þingmanna á því að auka lýðræðisþátttöku ungs fólks og vonum að málið nái fram að ganga.

Þorri stúdenta við Háskóla Íslands er á aldrinum 20 til 29 ára og má ætla það sé sá hópur sem helst mætti flokka sem „stúdenta“, þ.e. einstaklingar sem eru í fullu námi og stunda litla sem enga atvinnu til viðbótar við skólagöngu. Ef marka má niðurstöður Hagstofu Íslands um kosningaþátttöku í sveitarstjórnarkosningum sem fram fóru vorið 2018, eru það kjósendur á þessu aldursbili, þ.e. 18–29 ára, sem taka minnstan þátt í kosningunum. Gróflega áætlað, án tillits til annarra breytna, má ætla að u.þ.b. helmingur námsmanna við Háskóla Íslands hafi setið heima við síðustu sveitarstjórnarkosningar.

Stúdentaráð Háskóla Íslands telur þetta áhyggjuefni, enda minnkar þetta vægi námsmanna og háskólastúdenta í almennt umræðu um þeirra eigin málefni og minnkar e.t.v. hvata ráðamanna til að veita þessum hópum vægi. Þessi skilningur kemur heim og saman við sjáanlega þróun og upplifun ungs fólks á eigin kjörum – að þau fari versnandi. T.d. má nefna þróun meðalráðstöfunartekna ungs fólks, sér í lagi á aldrinum 16 til 24 ára, en hjá þessum aldurshópi hafa ráðstöfunartekjur *lækkað* á árunum 1990 til 2014 (til fróðleiks nefndarmanna vísast til greinar greiningardeildar Arion banka, sem finna má [hér](#)). Skýrt dæmi um þetta eru almennt kjarasamningar á vinnumarkaði, þar sem 18 og 19 ára einstaklingar eru sjálfkrafa með nokkuð lægri laun en félagar þeirra sem fyllt hafa 20 ár.

Eins og vitað er má almennt líta á kjósendahópa sem vissar „blokkir“, þ.e. að einstaklingar með sambærilega hagsmuni kjósa almennt á sambærilegan hátt. Má í þeim efnum vísa til stofnun margra stærstu stjórnmalaflokka 20. aldar en þeir voru að jafnaði stofnaðir í kringum hagsmuni tiltekinna stétta í samfélaginu. Skipulag blokkarinnar og lýðræðisleg þátttaka hennar stýrir svo oft hve mikið vægi sjónarmið hópsins hafa í almennt umræðu og hversu mikið fólk í ákvörðunarstöðum hlustar á téd sjónarmið.

Eins og segir hér fyrir ofan hafa kjör ungs fólks versnað frá upphafi síðasta áratug síðustu aldar. Má e.t.v. rekja hluta af þessari kjaralækkun til þess hve lítinn þátt sjónarmið ungmenna, sem eru að stórum hluta námsmenn, hafa í almenntri stjórn málaumræðu. Virðist því liggja vel við höggi að slá því föstu að aukin lýðræðisþátttaka ungmenna og hlutfall þeirra af gildum atkvæðum í lýðræðislegum kosningum hækki, muni athygli stjórn málastéttarinnar færast meir í átt að hagsmunamálum ungs fólks.

Stúdentaráð telur að lækkun kosningaaldurs ein og sér geri e.t.v. ekki mikið fyrir „ungmenna-blokkina“, ef svo má að orði komast. Öflug fræðsla um mikilvægi lýðræðis, virkni þess og gangvirki ákvörðunartöku í íslensku samfélagi samhliða lækkun kosningaaldurs gæti það þó vel. Stúdentaráð telur í öllu falli að valdefling ungs fólks og aukinn þáttur þeirra í opinberri ákvarðanatöku vera af hinu góða og gæti lækkun kosningaaldurs vel verið mikilvægur þáttur í átaki þess efnis.

Eins finnur Stúdentaráð fá rök sem mæla gegn því að einstaklingar sem eru orðnir 16 ára fá færi á því að taka þátt í kosningum til sveitarstjórna og hafi þannig áhrif á sitt nærumhverfi, en margar þær ákvarðanir sem eru á borði sveitarstjórna um allt land, stórra og smáa, varða hagsmuni ungmenna mjög náið.

Í ljósi náninna tengsla hagsmuna ungmenna og hagsmuna stúdenta mælir Stúdentaráð Háskóla Íslands því heilshugar með að frumvarpið sé samþykkt, en leggur þó jafnframt til að samhliða lækkuninni verður farið í öflugt átak til að efla lýðræðisvitund fyrstu kjósenda.

*F.h. Stúdentaráðs Háskóla Íslands
Jónas M. Torfason
framkvæmdastjóri*

Góðan dag,

Á fundi bæjarráðs Árborgar 7. febrúar sl. var tekið fyrir erindi frá stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis, dags. 31. janúar, þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna (kosningaaldur), mál 356.

Einnig er erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, þar sem sveitarfélög eru hvött til að taka afstöðu til málsins.

Eftirfarandi var bókað:

Bæjarráð tekur undir álit Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Framangreint tilkynnist hér með.

Hornafjörður 14.2.2019

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um kosningar til sveitastjórna (kosningaaldur) 356. mál

Tekið fyrir á fundi Ungmennaráðs Hornafjarðar 13. febrúar 2019. Ungmennaráð hefur samhljóða samþykkt eftirfarandi bókun:

Ungmennaráð ítrekar fyrri bókun sína frá fundi ungmennaráðs 10. janúar 2018 en þar segir: „Allir nefndarmenn lýsa ánægju sinni á frumvarpi þessu og vonast til að þetta verði að veruleika. Hálf tveggja verk þá unnið er með því að fá kosningaaldurinn lækkaðan í 16 ár í sveitarstjórnarkosningum með von um að ekki verði langt í það að aldurinn verði einnig lækkaður fyrir Alþingiskosningar”. Rödd ungs fólks skiptir máli því við erum einnig hluti af þessu samfélagi og höfum rétt á því að taka þátt.

F.h. Ungmennaráðs Hornafjarðar

Herdís I Waage

Tómstundafulltrúi Hornafjarðar og starfsmaður ungmennaráðs

Góðan dag.

Eftirfarandi var bókað á 154. fundi Bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Voga þann 27.02.2019.

1902004 - Frá nefndasviði Alþingis -356. mál til umsagnar.

Alþingi sendir til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna (kosningaaldur), 356. mál.

Til máls tók JHH, Ál

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga leggst gegn því að færa kosningaaldur niður fyrir lögræðisaldur og að hann verði óbreyttur, 18 ár.

Þetta tilkynnist hér með.

Með kveðju.

Jóna Guðmundsdóttir
Sveitarfélagið Vogar
Iðndal 2
190 Vogar
Sími: 440-6200
www.vogar.is

Góðan dag.

Eftirfarandi var bókað á 270. fundi Bæjarráðs Sveitarfélagsins Voga þann 06.02.2019.

1902004 - Frá nefndasviði Alþingis -356. mál til umsagnar.

Alþingi sendir til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna (kosningaaldur), 356. mál.

Afgreiðsla bæjarráðs:

Bæjarráð tekur undir sjónarmið Sambands íslenskra sveitarfélaga um að umsagnarfrestur verði lengdur til 4. mars, svo ráðrúm gefist til að ræða málið á næsta fundi bæjarstjórnar (27. febrúar 2019).

Þetta tilkynnist hér með.

Með kveðju.

Jóna Guðmundsdóttir
Sveitarfélagið Vogar
Iðndal 2
190 Vogar

Góðan dag.

„Hreppsnefnd Tjörneshrepps telur eðlilegt að kosningaaldur sé sá hinn sami og sjálfræðisaldur“.

kv.

Aðalsteinn J. Halldórsson
Oddviti
Tjörneshreppur
Ketilsstaðir
641 Húsavík



Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis

Reykjavík, 7. febrúar 2019

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna (kosningaaldur), 356. mál.

Vísað er í tölvupóst frá nefndasviði Alþingis, dags. 31. janúar sl., þar sem óskað var eftir umsögn umboðsmanns barna um framangreint frumvarp sem er endurflutt frá fyrra þingi.

Umboðsmaður barna vísar í fyrri umsögn embættisins um sama mál en vill þó áréttta tiltekin atriði. Lýðræðisleg þátttaka barna og ungmenna snýst um fleiri þætti en lækkun kosningaaldurs eins og lýðræðislegt samráð og möguleika á áhrifum á fyrri stigum ákvarðanatöku hjá ríki og sveitarfélögum. Í samtölum embættis umboðsmanns barna við ungmenni hefur komið fram skýrt ákall um að efla þurfi fræðslu um lýðræði, stjórnkerfi og stjórnsmál í efri bekkjum grunnskólans og í framhaldsskólum. Verði frumvarp þetta að lögum í ár, þegar þrjú ár eru til næstu sveitarstjórnarkosninga, gefst því tækifæri til að gera gangskör í þessum efnum og efla til muna samfélagslega menntun barna til að búa þau undir virka lýðræðislega þátttöku í samfélaginu.

Einn af grunnþáttum aðalnámsskrár grunnskóla er lýðræði og kemur þar fram að skólar eigi að rækta þá þekkingu sem styrkir getu einstaklinga í framtíðinni til að verða gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í jafnréttis- og lýðræðissamfélagi.

Ýmsar aðrar leiðir eru jafnframt til þess færar að virkja börn til þátttöku í sínu nærsamfélagi og þá ekki aðeins þau sem eru 16 ára eða eldri heldur einnig yngri börn. Má þar einkum nefna starf ungmennaráða hjá sveitarfélögum með þátttöku fjölbreytilegs hóps ungs fólks. Embætti umboðsmanns barna hefur lengi beitt sér fyrir lögfestingu ungmennaráða sveitarfélaga sem umboðsmaður telur mikilvæga leið fyrir ungt fólk til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og taka þátt í lýðræðislegu samtali í nærumhverfi sínu.

Með vísan til framangreinds vill umboðsmaður barna hvetja Alþingi til að nýta það tækifæri sem hér gefst til að móta skýra sýn og stefnu um eflingu lýðræðislegrar þátttöku barna og ungmenna í íslensku samfélagi.

Virðingarfyllt,

Salvör Nordal, umboðsmaður barna

Ungir Píratar
21. febrúar 2019

Umsögn um Þingskjal 434 — 356. mál.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998, með síðari breytingum (kosningaaldur).

Ungir Píratar eru fylgjandi þessu frumvarpi og telja að lækkun aldurs til sveitarstjórnakosninga muni stuðla að auknum áhuga ungs fólks á stjórnámálum og að þessi breyting á lögnum muni valdefla ungt fólk. Þá er þetta jákvætt skref í því að undirbúa fólk fyrir þátttöku í kosningum til Alþingis og í þjóðaratkvæðagreiðslum.

Lækkun kosningaaldurs hefur haft jákvæð í nágrannalöndum okkar í Evrópu og þar sem þetta skref hefur verið stigið hefur kosningaþátttaka aukist. Á Íslandi hefur kosningaþátttaka ungs fólks því miður verið dræm á síðustu árum og marktækt dræmari en aðrir aldurshópar. Það ætti því að vera kappsmál stjórnámalanna að styrkja lýðræðið og valdefla ungt fólk með því að gefa því aukna ástæðu til að fylgjast með stjórnámálum, með því að leyfa ungu fólki að taka beinan þátt í kosningum. Innan okkar raða hefur fólk frá 15 ára aldri verið virkt í starfsemi Ungra Pírata og áhugi þeirra á stjórnámálum og málefnum líðandi stundar hefur verið engu minni en annars fólk sem hefur náð 18 ára aldri. Ungliða- og æskulýðsstarf hefst almennt við 16 ára aldur á Íslandi og þá hefst skólaganga í framhaldsskólum þannig að það liggur beint við að gefa ungu fólki aukinn réttindi til kosningaþátttöku við þennan aldur.

Ungir Píratar hvetja til þess að frumvarp þetta verði samþykkt og síðan verði kosningaþátttaka borin saman við fyrri ár til að sjá hvort hún aukist við breytinguna. Þá hvetjum við til þess að fræðsla verði aukinn til að kynna þessa breytingu, og réttindin sem henni fylgja, fyrir fólki á aldrinum 15-17 ára. Slík fræðsla myndi líka styrkja stoðir lýðræðisins á Íslandi.

Fyrir hönd Ungra Pírata,

Vignir Árnason
Formaður UP

Akureyri 20.02.2019

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um kosningar til sveitastjórna (kosningaaldur). 356 mál.

Tekið fyrir á fundi ungmennaráðs 14.febrúar 2019. Eftirfarandi var bókað:

Ungmennaráð Akureyrar fagnar frumvarpi um lækkun kosningaaldurs og skorar á Alþingi Íslendinga að samþykkja það. Frumvarpið hvetur börn til aukinnar lýðræðisþátttöku í samfélaginu. Í Barnasáttmálanum sem lögfestur var á Íslandi í febrúar 2013 er börnum tryggður réttur til að tjá skoðanir sínar í öllum málum er þau varða. Með þessu frumvarpi er einungis verið að ítreka þennan rétt barna og hvetja ráðamenn til að virða hann. Ungt fólk á aldrinum 16-18 ára er byrjað að greiða skatt til samfélagsins og ættu því að geta haft áhrif á hvernig fjármagni sveitarfélaga er varið. Lækkun kosningaaldurs í 16 ár hvetur stjórnámálamenn til að láta sig málefni ungs fólks frekar varða en þeir myndu annars gera.

Ungmennaráð vill hvetja stjórnvöld til að auka til mikilla muna fræðslu á stjórnámálum og lýðræði á öllum skólastigum.

Virðingarfyllst

Ungmennaráð Akureyrar



Nefndarsvið Alþingis

Dalvíkurbyggð, 21. febrúar 2019

Efni: Umsögn vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998, með síðari breytingum (kosningaaldur).


**149. löggjafarþing 2018–2019.
Þingskjal 434 — 356. mál.**

Ungmennaráð Dalvíkurbyggðar óskar eftir því að eftirfarandi umsögn/bókun sem samþykkt var á 20. fundi Ungmennaráðs Dalvíkurbyggðar 19. febrúar 2019, verði tekin fyrir vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna:

--
Ungmennaráð telur frumvarpið af hinu góða og finnst mikilvægt að fræðsla til ungra kjósenda fari fram og verði framkvæmd af óháðum aðilum. Einnig telur ráðið að ekki ætti að takmarka aldur í ungmennaráðum sveitarfélaga við 16 ára, þó að aldur til sveitarstjórnarkosninga verði lækkaður.
--

Fyrir hönd Ungmennaráðs Dalvíkurbyggðar;


Gísli Rúnar Gylfason
Íþrótt- og æskulýðsfulltrúi



Ungt fólk til áhrifa!

Reykjavík, 19. febrúar 2019.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna (kosningaaldur), 356. mál.

Forsvarsmenn verkefnisins *Ungt fólk til áhrifa!* eru fylgjandi frumvarpinu sem um ræðir. Sveitarstjórnarstigið annast mikið af þeim verkefnum sem koma ungu fólki sérstaklega við í nærumhverfinu. Því er það tilvalið fyrsta skref í því ferli að lækka kosningaaldur og leyfa ungu fólki að hafa aukin áhrif á samfélagið.

Við vísum í fyrri umsögn okkar um sama mál en viljum þó árétta ákveðin atriði úr skýrslunni okkar.

Í rannsókn Ellen Quintelier (2007) um stjórnmalaviðhorf ungs fólks, kom fram að meirihluti svarenda taldi sig ekki geta haft áhrif á samfélagið. Töldu þau að ungt fólk gæti ekki haft áhrif á stjórnmalin, þar sem hagsmunir eldri aldurshópa myndu alltaf hafa forgang og að síður yrði hlustað á ungt fólk í pólitískri umræðu. Sambærilegar athuganir komu fram í rýnihóparannsókn okkar, þar sem oft var komið inn á vanvirðingu sem þátttakendur upplifa sökum aldurs. Einn þátttakandi sagði upplifun sína; að fyrirfram mótaðar hugmyndir sem aðrir hafa á honum vegna aldurs, hefðu áhrif á hversu lítið mark væri tekið á skoðunum hans.

Þá nefndu þátttakendurnir að oft ættu þau til að gleymast þegar rætt er um hagsmuni þjóðarinnar. Meðan mikil umræða er um vandamál í heilbrigðismálum og hjá barnafjölskyldum virðast málefni ungs fólks sitja á hakanum. Hættan er sú að ungt fólk upplifi að stjórnmalin snúist einungis um hagsmuni eldri kynslóðanna. Þetta getur haft alvarlegar afleiðingar. Upplifun ungs fólks byggir að auðvitað að einhverju leiti á raunveruleika málsins. Við lækkun kosningaaldurs er óhjákvæmilega nauðsynlegt fyrir stjórnmalamenn að leggja við auknar hlustir á þau málefni sem brenna á ungu fólki. Vonandi leiðir þetta til þess að staða ungs fólks innan stjórnmalaflokka styrkist.

Virðingarfyllst,

Jóhann Bjarki Hall og Vigdís Fríða Þorvaldsdóttir

f.h. Ungt fólk til áhrifa.



Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Patreksfjörður, 21. febrúar 2019

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna (kosningaaldur), 356. mál.

Á 863. fundi bæjarráðs Vesturbyggðar þann 12. febrúar 2019 var eftirfarandi fært til bókar:

Lagður fram tölvupóstur dags. 31. janúar sl. frá Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis með beiðni um umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna (kosningaaldur).

Bæjarráð Vesturbyggðar fagnar því að ungt fólk fái aukið hlutverk við mótun samfélagsins. Verði frumvarpið óbreytt að lögum munu 16 ára einstaklingar fá kosningarétt við kosningar til sveitarstjórnar en verða ekki kjörgengir í sveitarstjórnarkosningum. Bæjarráð bendir á mikilvægi þess að einstaklingar sem taki þátt í sveitarstjórnarmálum hafi lagalega stöðu til að geta tekið ákvarðanir og þess sé sérstaklega gætt við afgreiðslu frumvarpsins. Bæjarráð felur bærarstjóra að senda umsögn um frumvarpið og upplýsa Samband íslenskra sveitarfélaga um afstöðu bæjarráðs til frumvarpsins.

Á 331. fundi bærarstjórnar Vesturbyggðar 20. febrúar 2019 var afgreiðsla bæjarráðs staðfest. Ofangreind afgreiðsla tilkynnist hér með.


Rebekka Hilmarisdóttir, bærarstjóri.